

Umsögn (umbeðin, innra vinnuskjal)

Umsagnar óskaði: Bæjarráð 1161(10.4.2014)
Varðandi: Erindi Alþingis, vegna umsagnar um tillögu til þingsályktunar um mótun stefnu til að draga úr skaðlegum afleiðingum vímuefnaneyslu, 335. mál.
Nr. erindis 201404090/50.13
Dags.: 08.05.2014
Málefni: Umsögn framkvæmdastjóra fjölskyldusviðs
Afrit: Fjölskyldunefnd

Fjölskyldunefnd Mosfellsbæjar 216. Fundur (15.4.2014) fól undirritaðri að taka saman umsögn um erindi Alþingis, vegna umsagnar um tillögu til þingsályktunar um mótun stefnu til að draga úr skaðlegum afleiðingum vímuefnaneyslu, 335. mál.

Fjölskyldusvið Mosfellsbæjar hefur í starfi með einstaklingum sem stríða við fíkniefnavanda lagt áherslu á stuðning í samræmi við það sem ákvæði laga um félgsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og barnaverndarlaga nr. 80/2002 boða. Lögð hefur verið áhersla á samvinnu við þá einstaklinga sem hlut eiga að máli, stofnanir og aðra sem að meðferð slíkra mála koma.

Tekið er undir sjónarmið sem fram koma í umsögn Barnaverndarstofu <http://www.althingi.is/pdf/erindi/?lthing=143&dbnr=1676> um þingsályktunartillöguna að aðaláhersla samfélagsins gagnvart fólki í vímuefnavanda eigi að vera að vernda það og styðja til þess að ná tökum á vanda sínum og að refsíákvæði eigi að vera síðasta úrræðið sem gripið sé til. Hins vegar geti verið varhugavert að afnema refsingar að öllu leyti gagnvart þessum hópi þar sem mikilvægt sé að samfélagið fái þau skilaboð frá Alþingi að neysla fíkniefna sé alvarlegur hlutur sem stefnt geti lífi og heilsu neytandans og annarra í hættu.

Ennfremur er tekið undir það sjónarmið í umsögn Barnaverndarstofu að mikilvægt sé að farið sé yfir það hvaða önnur úrræði en refsing geti komið til greina svo sem frestun hennar eða niðurfelling í tilvikum þar sem einstaklingur er tilbúinn til að takast á við fíkniefnavandann.

Virðingarfyllst,
Unnur V. Ingólfssdóttir
framkvæmdastjóri fjölskyldusviðs